

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 12

Dags. 1.6.2010

**Fundur í skipulags- og umhverfisnefnd haldinn þann 1. júní 2010 kl. 19:30**

Mættir til fundarins; Ásvaldur Þormóðsson, Hlöðver P. Hlöðversson, Sigurður Skúlason og Snæfríður Njálsdóttir auk Per Langesöe frá Mannviti.

Auk þess sátu fundinn sveitarstjórnarfulltrúarnir Ólína Arnkelsdóttir, Erlingur Teitsson, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson, Arnór Benónýsson og Garðar Jónsson auk sveitarstjóra.

- 1.** Ásvaldur Þormóðsson setti fund.
- 2.** Farið yfir athugasemdir og ábendingar við tillögu að aðalskipulagi í Þingeyjarsveit.
  - a)** Farið yfir umsögn frá Fornleifavernd ríkisins. Per lagði fram tillögu til að koma til móts við athugasemdir sem að fram komu í umsögninni. Samþykkt.
  - b)** Tekin fyrir umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Per lagði fram tillögu um hvernig væri komið til móts við athugasemdir Heilbrigðiseftirlitsins. Samþykkt.
  - c)** Tekin fyrir umsögn Landgræðslu ríkisins. Samþykkt að verða við ábendingum Landgræðslunnar.
  - d)** Farið yfir ábendingar frá Vegagerðinni. Samþykkt að uppfæra umferðartölur. Einnig samþykkt að halda óbreyttri legu vegar og brúar yfir Skjálfandafliót norðanvert.
  - e)** Teknar fyrir athugasemdir frá Norðurþingi. Samþykkt að hafna athugasemdum nr. 1, 3 og óska nánari skýringa á þeirri fjórðu.
  - f)** Samþykkt að frístundabyggð í landi Sílalækjar verði sett inn í aðalskipulag.
  - g)** Samþykkt að stækka tjaldsvæði að Kiðagili í Bárðardal.
  - h)** Teknar fyrir ábendingar frá Oddi Örvari Magnússyni. Samþykkt að koma til móts við ábendingar hans að hluta samkvæmt tillögu frá Per.
  - i)** Tekin fyrir athugasemd frá Guðrúnu Emilíu Höskuldsdóttur og Kristjáni Guðmundssyni um reiðveg við Öndólfstaði. Nefndin samþykkir að færa reiðleiðina milli Öndólfstaða og Einarstaða aftur til fyrra horfs og áratugahefð er fyrir.
  - j)** Gönguleiðir um Hellnasel. Skafti Benediktsson, Elsa Magnúsdóttir og Sigurður Hálfánarson gera athugasemdir við gönguleið um Hellnasel. Nefndin fellst á að gönguleiðin verði ekki sýnd á aðalskipulagi.
  - k)** Tekið fyrir erindi Sigurðar Hálfánarsonar varðandi sand- og malarnámur á Langasandi. Gera verður grein fyrir umfangi fyrirhugaðrar námuvinnslu og staðsetningar svæðisins áður en hægt er að taka afstöðu til erindisins. Nefndin telur ekki ástæðu til taka tillit til annarra athugasemda umfram það sem þegar er komið fram.
  - l)** Athugasemdir við háspennulínur frá Guðrúnu Tryggvadóttur og Hlöðveri P. Hlöðverssyni. Samþykkt að halda sig við þá leið sem lagt er upp með í skipulagstillögunni. Hlöðver tók ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar.

**m)** Erindi frá Indriða Ketilssyni. Samþykkt að merkja Reykjaheiði inn á skipulagsuppráttinn en nefndin sér ekki ástæðu til að gera breytingar varðandi endurvarpsstöðvar.

**n)** Samþykkt að setja inn á aðalskipulagið frístundabyggð fyrir 5 frístundahús að hámarki í Stórutungu Bárðardal.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 24:00